

ABBA tónleikar í London

06.-09. október 2026

Orlofsnefnd húsmæðra í Hafnarfirði ætlar að fara í vorferð á hið fræga ABBA Voyage (Abba Show) í London 6. – 9. október 2026.

ABBA Voyage sýningin er í formi sýndarveru tónleika í glænýrri tónleikahöll sem byggð var eingöngu fyrir þetta verkefni. Höllin er staðsett í Queen Elizabeth Olympic Park í austurhluta London. Á tónleikunum er 12 manna hljómsveit sem spilar undir við hlið stafræna ABBA-hópsins og flytur 22 af bestu og vinsælustu lögum ABBA. Við höfum fengið staðfest að þetta er sturluð sýning!

ST Giles hótél er hótelið er staðsett á besta stað í miðbæ London ef þú vilt upplifa það besta í borginni. Afskaplega snyrtilegt og nútímalegt hótél nálægt Marble Arch lestarstöðinni. Staðsett aðeins steinsnar frá helstu verslunargötunum, eins og Oxford Street, Regent St og Mayfair, auk fjölda frægra kennileita í London, þar á meðal Harrods, Hyde Park og Buckingham Palace, eða West End Theatre District. Eftir annasaman dag má njóta máltíðar og kokteils með ferðafélögum á bar hótelsins með útsýni yfir Oxford Street.

Þriðjudagurinn 06.október

Ekið frá Hafnarfjarðarkirkju til Keflavíkur klukkan 04:30. Flogið með FI-450 til London Heathrow. Ekið frá flugvelli til London og farið í skoðunarferð um borgina, áður en innritast er á hótél. Kvöldið frjálst.

Miðvikudagurinn 07.október

Frjáls dagur, en klukkan 18:00 er haldið til „ABBA Arena“, þar sem við munum njóta ABBA tónlistarinnar um kvöldið. Ekið heim á hótél að tónleikunum loknum.

Fimmtudagurinn 08.október

Frjáls dagur í London, sameiginlegur kvöldverður.

Föstudagurinn 09.október

Fyrir hádegi skráum við okkur út af hótelinu en eigum síðan daginn frjálsan til klukkan 17:00, en þá verður haldið út á Flogið heim með FI-455 klukkan 21:25 og lent í Keflavík klukkan 23:35. Ekið til Hafnarfjarðar.

Verð á mann er 159.900,-

Innifalið í ferðinni: Flug með Icelandair og innritaðri 23 kg tösku. Gisting í 3 nætur með morgunverði á St Giles hóteli. Miði á tónleikana, rúta til og frá tónleikunum, einn sameiginlegur kvöldverður, akstur til og frá flugvelli í London, akstur til og frá Keflavíkurflugvelli og íslensk fararstjórn

Verð miðast við gengi og forsendur 20.11. 2025 og minnst 35 borgandi farþega. 2 hópstjórar frá orlofsnefndinni ferðast með án endurgjalds.

Hvað aðra skilmála varðar vísast í “almenna skilmála” á heimasíðu okkar ferdir.is

Í öllum ferðum má gera ráð fyrir einhverjum göngum. Farþegar þurfa því að geta komið leiðar sinnar hjálparlaust, eða útvega sjálfir þá aðstoð, sem þeir kunna að þurfa. Almennt eru gönguleiðir ekki langar, nema þær séu valkvæðar.

